



Ársskýrsla **2023**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands
Urðarhvarfi 8B
203 Kópavogur
Sími: 520 7150
stadlar@stadlar.is
www.stadlar.is

Umsjón og ritstjórn: Helga Sigrún Harðardóttir
Forsíðumynd: Arngrímur Blöndahl
Ljósmyndir: Arngrímur Blöndahl, Ólína Kr. Margeirsdóttir, Silla Páls
Umbrot og grafísk vinnsla: Einar Þór Guðmundsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Hugvekja framkvæmdastjóra	5
HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR	8
Stefna Staðlaráðs	8
Aðilar að Staðlaráði	9
Stjórnin	10
Mannauður	11
STARFIÐ INNANLANDS	12
Staðfesting staðla	12
Söluhæstu staðlarnir	13
Byggingarstaðlaráð	13
Fagstaðlaráð í fiskimálum	13
Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftlagsmálum	13
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni	13
Rafstaðlaráð	14
ALÞJÓÐLEGT STARF	15
Evrópustöðlun, CEN, CENELEC, ETSI	15
Alþjóðleg stöðlun, ISO, IEC	16
Norrænt samstarf, Insta og Norek	16
ÁRSREIKNINGUR	17

Staðlar lykillinn að bættum heimi

Ávarp stjórnarformanns

Undanfarið ár hefur markast af vaxandi spennu og ófriði í alþjóðasamfélaginu á sama tíma og veröldin hefur verið að ná áttum og nýju flugi eftir lamandi áhrif alheimsfaraldursins árin á undan.

Mikilvægi staðla hefur sennilega aldrei verið meira en í dag, staðlar eru allt um liggjandi í okkar daglega lífi, þeir veita leiðbeiningar, setja reglur eða skilgreiningar sem síðan eru notaðar til að hanna, framleiða, setja upp, prófa, votta, viðhalda og gera við vörur og þjónustu sem við notum á hverjum degi. Það eru til alþjóðlegir staðlar fyrir næstum allt milli himins og jarðar. Má þar nefna jafn óskylda hluti og umönnun sjúklinga, að hlaða símann þinn, öryggi mannvirkja og stöðlun á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Neytendastaðlar hjálpa okkur einnig við að fá sem mest út úr hverjum degi. Ef þú til dæmis streymir kvikmyndum, þáttaröðum eða jafnvel myndbútum af vinum og fjölskyldu á netinu, þá ertu líklega einn af milljónum manna sem treysta á þjökkpunarstaðlana sem IEC, ISO og ITU hafa þróað í sameiningu, sem gera myndfundi og straumspilun myndbanda mögulega.

Staðlar standa undir tækninni sem tengir okkur saman, minnka fjarlægðir og veita aðgang að þekkingu, menntun og mörkuðum. Með aðstoð staðla má tryggja öryggi neytenda og draga úr óæskilegum áhrifum tækninnar líkt og til dæmis ör vöxtur gervigreindar getur skapað. Gervigreind hefur verið á miklu flugi undanfarið ár og má segja að árið 2023 hafi verið ár gervigreindarinnar. Mikilvægt er að slík kerfi fylgi stöðlum svo sem ISO 42001 um trausta hönnun.

Staðlar stuðla líka að friði og hagsæld, þar sem þeir styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin hafa fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Staðlar gegna veigamiklu hlutverki í aðgerðaráætlunum sem settar hafa verið fram til að ná heimsmarkmiðunum.

Grundvöllur staðla byggir á samvinnu. Eitt þeirra mikilvægu hlutverka sem Staðlaráð hefur, er að skapa sameiginleg vinnuborð fyrir helstu sérfræðinga Íslands til að finna sameiginlegar lausnir á hinum ýmsu vandamálum. Þessi vinna fer fram á vettvangi fagstaðlaráðanna þar sem helstu



sérfræðingar landsins, leggja fram, endurgjaldslaust, þúsundir vinnustunda á hverju ári við að búa til staðla og tækniforskriftir. Á seinasta ári gerðust þau gleðilegu tíðindi að Fagstaðlaráð i umhverfis- og loftslagsmálum bættist í hóp fagstaðlaráða Staðlaráðs, en það er í takt við aukna áherslu á mikilvægi umhverfis- og loftslagsmála. Þjóðum við Fagstaðlaráð i umhverfis- og loftslagsmálum velkomið í hópinn.

Staðlaráð hefur undanfarin ár orðið fyrir verulegri skerðingu á því fjármagni sem það fær fyrir þjónustusamninga sína við íslenska ríkið. Þó leiðrétting hafi náðst fram árið 2022 þá er sú leiðrétting bara brot af þeirri skerðingu sem hefur orðið á undanförunum 10 árum. Enn fremur eru blíkur á lofti í sölu á stöðlum þar sem sala á stöðlum hefur farið minnkandi auk þess sem nýlegur dómur Evrópuðómstólsins skyldar ESB í samstarfi við staðlasamtökin til að veita gjaldfrjálsan aðgang að 3.700 samhæfðum stöðlum sem vísað er til í evrópskri löggjöf sem innleidd hefur verið hér á landi. Með ráðdeildni í rekstri Staðlaráðs og frestun verkefna er rekstrarniðurstaða fyrir árið 2023 góð, en samt sem áður valda fyrr greind atriðið því að enn vantar upp á að fjárhagsleg og þar með fagleg staða ráðsins sé viðunandi.

Stjórn Staðlaráðs hittist alls tíu sinnum á síðasta starfsári. Allir fundir voru rafrænir utan eins, en rafrænir fundir eru í dag hefðbundið fundarform hjá stjórn Staðlaráðs. Stjórnin hefur lagt áherslu á stuðning við starfsemina, ráðgjöf og eftirlit með rekstrinum. Lögð hefur verið áhersla á að fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem stjórn setti sér fyrir árin 2024 og 2025, en stefnan inniheldur vegvísi auk metnaðarfullrar aðgerðaráætlunar. Starfsmenn Staðlaráðs með framkvæmdastjórnann í broddi fylkingar hafa þrátt fyrir skort á fjármagni náð að lyfta grettistaki við að raungera stefnu stjórnar og eiga þau mikið hrós skilið. Ég vil þakka aðildarfélögum Staðlaráðs fyrir samstarfið á árinu, þeim fjölmörgu sérfræðingum atvinnulífsins sem hafa lagt sitt af mörkum til stöðlunarverkefna, stjórnarfolki fyrir sitt framlag og síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Staðlaráðs fyrir vel unnin störf.

Sigurður Músson,
stjórnarformaður Staðlaráðs Íslands



Staðlar eru mikilvægur hluti regluverksins

Hlutverk okkar sem sinnum því hlutverki að vera „Íslenski bitinn“ í staðlapúsli heimsins er oft gefandi og áhugavert enda eignum við samstarf við bestu sérfræðinga hérlandis sem af ábyrgð við samfélagið leggja sitt af mörkum við að treysta íslenska innviði og samræma við evrópska innviði eins og þeir gerast bestir. Hlutverk Staðlaráðs Íslands er að tryggja að evrópskir staðlar séu staðfestir sem íslenskir, að reka fagstaðlaráð þar sem settir eru séríslenskir staðlar fyrir hagaðila innanlands og veita upplýsingar og aðgengi að stöðlum. Því miður hefur einn íslensku hagaðilanna, íslenska ríkið, ekki alltaf spilað í takti þegar kemur að íslenskum hagsmunum.

Þegar EES samningurinn tók gildi hér á landi með lögum nr. 2/1993 undirgekkst íslenska ríkið ýmsar kröfur og skuldbatt sig til að innleiða þær og hlíta til að tryggja aðild að innri markaði ESB. Ein þeirra krafna var að Ísland innleiddi evrópska staðla sem talsvert eru notaðir sem hluti af löggjöf, einkum samhæfðir staðlar sem telja nú um 3.700. Hlutverk þeirra er að segja til um útfærslur krafna s.s. framleiðsluáðferðir, prófanir og reglusetja kerfið sem heldur utan um CE merkingar. Vörur má CE merkja þegar framleiðandi hefur uppfyllt kröfur tilskipana og reglugerða og alla jafna eru þær kröfur uppfylltar með notkun staðla.

Íslenska ríkið greiðir þó eingöngu hluta þess kostnaðar sem fellur til við vinnslu þessarra lögbundnu verkefna, annað er fjármagnað með sölu staðla og aðildargjöldum. Nýlegur dómur Evrópuðómstólsins gerir kröfu um að samhæfðir staðlar, sem hluti löggjafar, verði gerðir aðgengilegir án endurgjalds hefur aukna vinnu og tekjutap í för með sér fyrir Staðlaráð sem óljóst er hvernig verður mætt en Staðlaráð fjármagnar m.a. lögbundna starfsemi fyrir hið opinbera með sölu staðla.

Ríkið hefur verið tregt í taumi

Aðrar kröfur en um innleiðingu vöru tilskipana og reglugerða hafa einnig verið felldar inn í samninginn um evrópska

efnahagssvæðið. Ein þeirra er krafa um notkun evrópskra þolhönnunarstaðla, sem staðfestir eru sem landsstaðlar, ásamt þjóðarviðaukum. Þessir staðlar hlaupa á mörgum tugum og innihalda grunnkröfur og aðferðir við að hanna mannvirki þannig að þau séu örugg. Hvert og eitt ríki skrifar svo eigin viðauka því náttúrulegar aðstæður eru mismunandi í ríkjum Evrópu. Hér á landi eru skrifaðir viðaukar sem taka mið af jarðskjálftaheldni, snjó- og vindálagi, grundun o.s.frv. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá því verkefnið hófst hafa á þriðja tug sérfræðinga unnið að verkefninu á kostnað vinnuveitenda sinna og leggja þannig til um 85% af heildarkostnaði við endurskoðun þessa hluta byggingarreglugerðarinnar. Einn hagaðilanna, íslenska ríkið, hefur verið verulega tregt í taumi og kostað Staðlaráð gríðarlega vinnu. Sú vinna hefur fyrst og fremst falist í samskiptum við tvö ráðuneyti sem hafa ítrekað skipt um ráðherra og starfsfólk. Það var fyrst nú um miðjan maí 2024 sem innviðaráðuneytið lagði fram tilboð um kostnaðarþátttöku við verkefnastjórn sem felur í sér að greidd verði sem nemur um 70% af því sem verkefnastjórnin kostar á árunum 2023-2027 og er í raun 10% af heildarkostnaði við verkefnið á þeim tíma. Byggingarstaðlaráð verður því enn um sinn að fjármagna það sem upp á vantar með öðrum leiðum og afskrifa þarf a.m.k. 16 milljónir sem lagðar voru í verkefnið til ársins 2023. Verkefnið hófst 2019 og því lýkur 2027 þegar 58 endurskoðaðir þolhönnunarstaðlar verða gefnir út ásamt 29 nýjum, á tæplega 9000 blaðsíðum, ásamt ríflega 1200 ákvæðum í íslenskum viðaukum. Tregða í stjórnkerfinu orsakast að einhverju leyti af síendurteknum breytingum á Stjórnarráðinu og mikilli starfsmannaveltu sem hefur gert það að verkum að Staðlaráð hefur ítrekað staðið á byrjunarreit í því samtali við ráðuneyti mannvirkjamála. Það veldur Staðlaráði, sem sinnir mikilvægu verkefni við uppbyggingu og viðhald gæðainnviða í landinu, verulegum vandræðum þegar jafn mikla vinnu þarf að leggja í að fræða aðila ríkisins um kerfið sem ríkið sjálft kom á með EES samningnum. Staðlaráð hefur því lagt sérstaka áherslu á aukið samstarf og aukna þjónustu við opinbera hagaðila og unnið samkvæmt henni undanfarin misseri. Ríkisstofnanir

hafa jafnframt ekki talið sig hafa fjármagn til að kaupa staðla sem eru inntakið í opinberri markaðsgæslu. Það hefur valdið því að ríkisstofnanir sem fara með opinbera markaðsgæslu og sinna opinberum innkaupum hafa ekki haft þennan hluta löggjafarinnar undir höndum til að tryggja að farið sé að lögum. Staðlaráð greip til þess ráðs að veita þeim sem fara með þessi hlutverk aðgang að öllu staðlasafninu fyrir lága fjárhæð. Staðlaráð hefur því í raun gefið þeim staðla fyrir margar milljónir á undanförunum árum, sem er fordæmalaust í þeim í löndum sem við kjósum að bera okkur saman við.

Aukin fræðsla var eitt þeirra forgangsatriða sem starfsmenn stjórnsýslunnar kölluðu eftir á vinnustofu sem Staðlaráð bauð til 2023, m.a. til að skilgreina þeirra þarfir. Nú er unnið er að útgáfu fræðsluefnis, einkum fyrir opinbera hagaðila sem líta mun dagsins ljós í sumar og haust til að auðvelda þeim skilning á því mikilvæga kerfi sem komið var á með EES samningnum og hefur reynst erfitt að koma að í hinu formlega skólakerfi. Þrátt fyrir ákall um meiri upplýsingar og fræðslu hefur áhugi á fræðslu sem Staðlaráð hefur boðið verið lítill. Staðlaráð hefur einnig lagt sérstaka áherslu á stofnun fagstjórnar af hálfu opinberra hagaðila til að tryggja farveg fyrir;

- Þekkingu á mikilvægi og virði staðla í gæðainnviðum landsins,
- Úrlausn mála þar sem samstarf þarf um áskoranir sem tengjast stöðlum,
- Samstarf á milli opinberra hagaðila sem glíma við svipaðar áskoranir og
- Aukna þjónustu á sviði stöðlunar.

Staðlar eru óvída notaðir sem stuðningur við áform stjórnvalda, til að tryggja gæði og virkni löggjafar og eftirlits og þeir eru hryggjarstykki neytendaverndar og opinberra innkaupa. Enn vantar talsvert upp á að hinn stóri hagaðili, íslensk stjórnvöld, sé virkur í því samstarfi. Til þess að svo megi verða þarf að gefa starfsmönnum stjórnsýslunnar tækifæri til að taka þátt í samræmingar- og samhæfingarstarfi á vegum Staðlaráðs.

Hver króna sem sett er í staðlastarf fimmtugfaldast

Rannsóknir sýna að hver króna sem lögð er í staðlastarf hér á landi fimmtugfaldast vegna aukinna viðskipta og aukinnar framleiðni. Er þá ekki talinn samfélagslegur ávinningur, þ.e. almenn samfélagsleg virkni og öryggi fólks, heilsu- og umhverfisvernd. Það er árangur sem mætti ná eyrum þeirra sem hafa áhuga á góðri nýtingu fjármuna og almennum viðskiptahagsmunum, neytendavernd og almennum lífsgæðum

hér á landi. Það er nefnilega engin tilviljun að vörur sem markaðssettar eru hér á landi eru öruggar, að mannvirki eru örugg og að íslensk fyrirtæki eigi greiðan aðgang að erlendum mörkuðum. Býsna margt af því sem við reiðum okkur á í daglegu lífi á nefnilega rætur að rekja til staðla og þess vegna þarf að hlúa að þeirri starfsemi, jafnvel umfram margt annað.

Svona verða staðlar hluti af gæðainnviðum sem ríkið ber ábyrgð á


Það liggur kannski ekki alveg í augum uppi hvernig staðlar eru hluti af gæðainnviðum í velferðarsamfélögum. Stundum eru þeir eiginlegur hluti lagarammans, þ.e. þegar löggjafinn ákveður að vísa til staðla, ýmist með valkvæðum eða bindandi hætti og treysta þannig útfærslu á ákvæðum laganna og tryggja að hún byggji á traustum grunni og bestu framkvæmd. Tilvísun til staðla í löggjöf er hagkvæm og örugg leið til að treysta löggjöfina en hún krefst aðildar hins opinbera, þekkingar á því hvenær hún er viðeigandi og hvernig hún nýtist best til að tryggja markmið sem stefnt er að.

Gæðatrygging vara, þjónustu og kerfa er gjarnan stöðluð líka því vottun, sannprófanir, kvörðun, prófanir, skoðanir og opinber markaðsgæsla byggir í öllum tilfellum á stöðlum.

Fyrirtæki og skipulagsheildir njóta ávinnings af því að hagnýta staðla því þeir auðvelda gæðastjórnun, sanngjarna samkeppni, virkni og nýsköpun og auka hagvöxt með auknum viðskiptum og auknum útflutningi.

Almenningur nýtur ávinnings af staðlanotkun því notkun þeirra tryggir öruggar vörur, öryggi fólks, heilsu- og umhverfisvernd, gæði, velferð og virkt samfélag og fólk getur almennt borið traust til vara og þjónustu á markaði auk þess sem það getur reitt sig á virkni og samvirkni flókinna kerfa sem við notum öll á degi hverjum.

Oft rata evrópskir og alþjóðlegir gæðainnviðir til Íslands, ýmist með innleiðingu evrópuerða þar sem staðlar eru eiginlegur hluti þeirra en einnig með tilvísunum og notkun opinberra hagaðila og einkarekinna skipulagsheilda á stöðlum. Þar eru stjórnunarkerfi ISO mest áberandi, s.s. gæðastjórnun, umhverfisstjórnun, eignastjórnun, upplýsingaöryggisstjórnun og fleiri góð kerfi sem íslenskir hagaðilar hafa fært sér í nyt til að gera betur á hverjum einasta degi, sjálfum sér og okkur öllum til hagsbóta. Þannig eru staðlar hryggjarstykki gæðainnviða hvernar þjóðar og grundvöllur hagkvæmni og betri nýtingar auðlinda.



SVONA VIRKA GÆÐAINNVIÐIR



Dæmi um gæðainnviði má finna í kröfum um framleiðslu og markaðssetningu leikfanga

Hér má sjá að kröfur til framleiðenda leikfanga byggja á tilskipun frá Evrópuráðinu sem innleidd var hér á landi með reglugerð um öryggi leikfanga og markaðssetningu. Í reglugerðinni, eins og upphaflegu tilskipuninni, er vísað til 26 samhæfðra staðla sem segja til um ýmsar kröfur og öryggisþætti. Framleiðandi sem notar staðlana til að framleiða leikfangið uppfyllir kröfurnar og gefur út tæknigögn og samræmismat vegna framleiðslunnar. Með því telst hann hafa uppfyllt kröfur laganna. Eftir það má hann CE merkja leikfangið og markaðssetja það í Evrópu. Með það sama

verður leikfangið undirorpið opinberri markaðsgæslu í hverju landi og reynist galli á því er það umsvifalaust innkallað. Kröfurnar sem koma fram í samhæfðu stöðlunum hafa það hlutverk að gæta að heilsuvernd og öryggi barna.

Sambærilegar kröfur eru gerðar vegna framleiðslu og markaðssetningar allra neytendavara og sérreglur hafa verið settar um byggingarvörur, rafföng, lækningatæki, mælitæki, lyftur, sprengiefni, skotelda, ýmis efni, gastæki, vélar, persónuhlífar, þrýstibúnað, fjarskiptabúnað og margt fleira.

Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands

Framleiðsla leikfanga



MARKAÐSSETNING ÖRUGGRAR VÖRU
-sem sætir opinberu markaðseftirliti og verður innkölluð ef hún reynist ekki uppfylla kröfur um öryggi og eiginleika
-sem á, eftir markaðssetningu, aðgang að öllum innri markaði í Evrópu vegna reglnanna um frjálst flæði



CE merking



Tilskipun Evrópuráðsins
88/378/EEC um öryggi leikfanga



Samtals 26 samhæfir staðlar sem segja til um alls kyns öryggisþætti s.s. eldfimi, vélræna og eðlisfræðilega eiginleika, kröfur og prófunaraðferðir fyrir fingramálningu og efnafræðisett, trampólín, öryggi leikfanga sem ganga fyrir rafmagni o.s.frv.



Tæknigögn og samræmismat, eftir atviku fyrir tilstilli faggilds þriðja aðila.



Innleidd með reglugerð 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu í Evrópu



3. gr. Skyldur framleiðenda að hanna og framleiða í samræmi við grunnkröfur um öryggi



11. gr. Leikfang sem er í samræmi við samhæfðan staðal eða hluta hans og tilvisun til staðalsins sem hefur verið birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins telst fullnægja grunnkröfum um öryggi.



Framleiðsla



Hlutverk og stjórnhættir

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Umfang og útfærslur staðlastarfs á Íslandi eru skilgreindar í lögum nr. 36/2003, í aðildarkröfum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og í þjónustusamningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið þar sem meðal annars er kveðið á um að Staðlaráð fari með atkvæði Íslands í evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI. Auk þess á ráðið aðild að alþjóðasamtökunum ISO og IEC. Helstu verkefni Staðlaráðs eru að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi, aðhæfa og staðfesta sem íslenska staðla þá staðla sem leiðir af aðild að erlendu staðlasamstarfi, greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum, stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku athafnalífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar, starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs, gefa út staðlaskrá, veita aðgengi að stöðlum, veita fræðslu og upplýsingar um staðla og veita ýmsa þjónustu á sviðum þar sem staðlar koma við sögu.

Stefna Staðlaráðs

Á árinu 2021 vann stjórn og starfsfólk Staðlaráðs Íslands að endurnýjun á stefnu ráðsins. Sú stefna er uppfærð og rýnd reglulega með mælingum og nýrri verkefnaskrá. Stefna ráðsins er að vera framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem gegnir lykilhlutverki við að tengja saman hagsmunaaðila með það að markmiði að búa til einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir á flóknum áskorunum og með því stuðla að frábærum árangri fyrirtækja og stofnana á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og afkomu.



Markmið okkar er að styrkja samstarf og samráð við stjórnvöld og tryggja fjármögnun lögbundinna verkefna og faglegan stuðning við stöðlun

Markmið okkar er að auka þekkingu um staðla, gildi þeirra og virði með fræðslu og að bæta upplifun viðskiptavina

Markmið okkar er að efla faglegt starf og auka samstarf við aðra fagaðila

Markmið okkar er að Staðlaráð sé áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður

Markmið okkar er að bæta ásýnd og góða ímynd Staðlaráðs

Unnið var eftir þessum markmiðum á árinu 2023 og er verkefnum hvergi nærri lokið. Með stefnu sinni leggur Staðlaráð áherslu á hlutverk sitt sem samstarfsvettvangur hagsmunaaðila. Í því felst að fókstra og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það gerum við með því að svara þörf fyrir aukna fræðslu, upplýsingagjöf, samstarf og þjónustu við opinbera aðila og einkafyrirtæki. Þjónusta Staðlaráðs byggir á þremur meginstólplum; útvegum staðla, verkefnastjórn í innlendu staðlastarfi, upplýsingagjöf og fræðslu. Þá er Staðlaráð einnig tengiliður við fjölbíðleg staðlasamtök þar sem sérþekking Íslands nýtist við staðlagerð á heimsvísu. Í tækninefndum Staðlaráðs starfa okkar bestu og hæfustu sérfræðingar atvinnulífsins á hverju sviði. Þannig eiga bestu viðmið og bestu mögulegu lausnir greiða leið inn í íslenska staðla. Staðlaráð Íslands starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015 og hefur staðist allar vottunar- og viðhaldsúttektir á gæðastjórnunarkerfi án athugasemda síðan kerfinu var komið á með vottun 2019. 9001:2015.





Aðilar að Staðlaráði Íslands 2023

Aðilar að Staðlaráði nálgast nú 100 talsins. Við erum þakklát fyrir þeirra framlag, bæði í formi aðildargjalda og þátttöku í staðlastarfi. Með aðild og þátttöku sýna fyrirtæki og stofnanir samfélagsábyrgð í verki og staðfestu við að byggja upp og viðhalda gæðainnvíðum á Íslandi. Aðilar að Staðlaráði njóta afsláttarkjara við kaup á stöðlum, fá upplýsingar um þróun og breytingar og möguleika til að koma að stjórnun Staðlaráðs með þátttöku í stjórn Staðlaráðs og fagstaðlaráða og geta með þeim hætti lagt línur fyrir sína atvinnugrein og látið gott af sér leiða fyrir samfélagið allt. Slíkt framlag er þakkarvert.

Advania
Alcoa Fjarðarál
Arion banki hf.
Auðkenni ehf.
Ábyrgar fiskveiðar ses
Byggingafræðingafélag Íslands
Carbfix hf.
Deloitte ehf.
Efla hf.
Elkem Ísland ehf.
Faggildingarsvið Hugverkastofu
Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð
Fjarskiptastofa
Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Forsætisráðuneyti
Framkvæmdasýsla ríkisins
Geislavarnir ríkisins
Greiðsluveitan ehf.
GS1 Ísland ehf.
Hagar
Hagstofa Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Háskóli Íslands/Reiknistofnun Háskólans
HS Orka
HS Veitur
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
ICEPRO
Iðan-fræðslusetur ehf.
Innviðaráðuneytið
Íslandsbanki
Íslenska kalkþörungafélagið ehf.

Kolefnisbrúin ehf.
Kópavogsbær
Kúla 3D ehf. (Orb ehf.)
Landsbankinn
Landsnet
Landspítali
Landsvirkjun
Límtré Vírnet
Ljósleiðarinn ehf.
Loftlagsskrá Íslands ehf.
Lota ehf.
M7 ehf.
Mannvit hf.
Marel Iceland hf.
Markus Lifenet ehf.
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Mennta- og barnamálaráðuneytið
Míla ehf.
Netorka hf.
Neytendasamtökin
Norðurorka
Origo
Orka náttúrunnar ehf.
Orkufjarskipti hf.
Orkusalan ehf.
Orkuveita Reykjavíkur
Orkuvirki ehf.
Rafiðnaðarsamband Íslands
RAFMENNT ehf.
Rarik ohf.
Ráður ehf.

Reiknistofa bankanna hf.
Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samgöngustofa
Samtök atvinnulífsins
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samtök iðnaðarins
Samtök rafverktaka (SART)
Seðlabanki Íslands
Síminn hf.
Skipulagsstofnun
Land og skógur
SoGreen ehf.
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum
fræðum
Strendingur
Sæplast Iceland ehf.
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Útanríkisráðuneyti
Vegagerðin
Veitur ohf.
Verkfræðingafélag Íslands
Verkhönnun
Verkís
Vinnueftirlit ríkisins
Þjóðskrá Íslands
Þorbjörn hf.
Össur Iceland ehf.



Stjórn 2023-2024

Stjórn Staðlaráðs er skipuð gríðarlega öflugum mannskap úr atvinnulífinu.
Stjórnina skipa einnig formenn fagstaðlaráðanna fimm.

Stjórn Staðlaráðs 2023-2024 skipuðu:

Björg Ásta Þórðardóttir, Samtökum iðnaðarins,
formaður frá maí-september 2023
Sigurður Másson, Neytendasamtökunum,
varaformaður en tók við formennsku í september 2023

Aldís Ingimarsdóttir, Verkfræðingafélagi Íslands
Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Samtökum atvinnulífsins
Gyða Björg Sigurðardóttir, Ráði, varaformaður frá september 2023
Egill Viðarsson, Verkís
Emil Sigursveinsson, Verkís
Guðmundur Sigbergsson, Iceland Carbon Registry
Kristján Þórarinnsson, Brimi
Þór Jes Þórisson, Mílu

Varamenn í stjórn:
Ágúst Valgeirsson, Advania
Steindór Dan Jensen, Menningar- og viðskiptaráðuneytinu



Íslenskir staðlar




Mannauður Staðlaráðs

Staðlaráð hafði á að skipa sjö starfsmönnum í árslok 2023 sem margir eiga langan starfsaldur hjá ráðinu. Þar sem starfsemin teygir sig um allt atvinnulífið, inn í stjórnsýsluna og inn í daglegt líf okkar allra eru verkefnin margbreytileg. Starfsmenn hafa því allir fjölbreytileg hlutverk á sinni könnu.



*Anna Þóra Bragadóttir,
sölustjóri og bókarí*



*Arngrímur Blöndahl,
gæðastjóri og ritari
Byggingarstaðlaráðs*



*Arnhildur Arnaldsdóttir,
verkefnastjóri*



*Guðmundur Valsson,
ritari Fagstaðlaráðs í
upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs*



*Haukur Logi Jóhannsson,
ritari fagstaðlaráðs í umhverfis-
og loftslagsmálum*



*Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri*



*Kristbjörg Richter,
móttökustjóri*



Starfið innanlands

Árið 2023 fluttist starfsemi Staðlaráðs úr Þórunnartúni í Reykjavík í Urðarhvarf 8 í Kópavogi og var tækifærið notað til að endurnýja húsbúnað. Það fer vel um starfsemina og starfsmenn í Kópavogi.

Mikil áhersla var lögð á samstarf við hið opinbera á árinu. Haldin var vinnustofa með fulltrúum ráðuneyta og ríkisstofnana á vormánuðum sem skilgreindi þarfir opinberra hagaðila fyrir fræðslu og upplýsingar, aðgengi að ráðgjöf og aðgengi að stöðlum. Skrifuð voru drög að opinberri stefnu og haldið áfram að leggja áherslu á samstarfshlutverk Staðlaráðs og stjórnvalda vegna aukinnar áherslu á að nota staðla sem hluta af löggjöfinni með því að vísa til þeirra í lögum og reglugerðum, ýmist með bindandi eða leiðbeinandi hætti. Í mörgum tilvikum hefur slíkt samstarf gengið ljómandi vel og með miklum ágætum en óhætt er að segja að það sé ekki algilt. Lítil þekking á mikilvægi og virði staðla, mikil starfsmannavelta innan stjórnsýslunnar og ítrekaðar breytingar á ráðherrastólum hefur verið helsta hindrunin og sú staðreynd að starfsmönnum ráðuneyta og ríkisstofnana er ekki gefið það svigrúm sem til þarf til að setja sig inn í hluti sem tengjast stöðlum. Það er verulegt áhyggjuefni enda er þróunin sú að staðlar verða sífellt stærri hluti af löggjöf og Evrópusambandið hefur sett sér þá stefnu að nýta staðla til að tryggja samræmi á innri markaði í meira mæli en áður. Nú eru 3.700 samhæfðir staðlar eiginlegur hluti löggjafar sem í miklu mæli hefur verið innleidd hér á landi. Þá hefur í mörgum tilvikum vantað upp á að regluverk sé rétt innleitt og kröfum þess fullnægt. Staðlaráð mun hér eftir sem hingað til leitast við að efla samstarf við opinbera hagaðila og leggja sitt af mörkum til að það verði farsælt enda grunninnviðir í húfi. Staðlaráð hefur haldið áfram þéttri samstarfi við systursamtök á Norðurlöndunum og tekið virkan þátt í starfi evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka eins og kostur hefur verið.

Á árinu tók Evrópudómstóllinn til meðferðar mál sem varðar aðgengi almennings að s.k. samhæfðum stöðlum, sem nú telja um 3.700. Sá dómur tekur af allan vafa um að samhæfðir staðlar, sem skrifaðir eru af evrópsku staðlasamtökunum, að beiðni og með þátttöku ESB sem jafnframt vísar til þeirra í löggjöf og auglýsir í Stjórnartíðindum ESB, eru hluti af löggjöfinni og er ætlað að hafa réttaráhrif. Með því virkjust ákvæði í reglugerð ESB sem kveður á um að almenningur skuli hafa rétt á aðgengi að gögnum ESB. Sú reglugerð er samþærileg ákvæðinu í 27. gr. íslensku Stjórnarskrárinnar um að lög skuli birta. Dómurinn hefur í för með sér að Staðlaráð mun

frá og með haustinu veita aðgang að samhæfðum stöðlum án endurgjalds. Það hefur í för með sér tekjutap, kostnaðarauka og aukna vinnu fyrir Staðlaráð sem ljóst er að bæta þarf með einhverjum hætti enda er fjárhagsmódel Staðlaráðs þannig upp sett af hálfu hins opinbera að greitt er fyrir hluta þeirrar þjónustu sem leiðir af lögbundnum verkefnum en það sem upp á vantar þarf að fjármagna með sölu staðla, aðildargjöldum og styrkframlögum hagsmunaaðila. Skemmst er frá því að segja að á sama tíma og ráðið hefur staðið í verulegri hagræðingu og staðið frammi fyrir umtalsverðum tekjusamdrætti af þjónustusamningi við ríkið hefur ekkert verið eftir af rekstrartekjum til að mæta því tekjutapi og kostnaðar- og þjónustuauka sem nú blasir við.

Útgáfa

- ÍST 52:2023 Skráning á fjölda herbergja í íbúðum
- ÍST 53:2023 Skráning hæða og hæðar bygginga
- ÍST HB 200:2023 Raflagnir bygginga - Handbók - Samantekt þýðinga á stöðlum úr staðlaröðinni ÍST HD 60364
- ÍST WA 308:2023 Landtengingar skipa - Áskoranir tengdar orkusölu
- ÍST TS 310:2023 Tækniforskrift - Innendar greiðslur og innlån
- ÍST TS 313:2023 Tækniforskrift - Erlendar greiðslur

Útgáfa nýrra þýðinga:

- ÍST EN ISO/IEC 27001:2023 (ísl/en) Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur
- ÍST EN ISO/IEC 27002:2022 (ísl/en) Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd - Upplýsingaöryggisstýringar

Staðfesting staðla

Á árinu voru staðfestir 1.498 nýir evrópustaðlar, 1.415 staðlar voru felldir niður og 2.311 frumvörp auglýst. Gild stöðlunarskjöl í árslok 2023 voru 29.600 en þeim fækkar örlítið á milli ára.

CEN og CLC stöðlunarskjöl eru nú um 14.000
CEN og CLC stöðlunarskjöl sem byggja á alþjóðlegum stöðlum frá ISO og IEC eru um 12.000
ETSI fjarskiptastaðlar eru 3.400
Séríslensk stöðlunarskjöl eru 174 talsins.

Söluhæstu staðlarnir

- ÍST 30:2012
- ÍST 85:2012
- ÍST EN ISO 9001:2015 (Íslensk þýðing)
- ÍST 51:2021
- Rafmagnsöryggispakkinn (Íslensk þýðing rúmlega 50 evrópskra staðla)
- ÍST EN ISO/IEC 27001:2022
- ÍST EN ISO 14001:2015
- ÍST 150:2016
- Íslenskir þjóðarviðaukar við þolhönnunarstaðla (Eurocode)
- ÍST ISO 45001:2018 (Íslensk þýðing)
- ÍST 151:2016

BSTR

Starf Byggingarstaðlaráðs var margbreytilegt á síðasta ári og tugir funda haldnir í tengslum við vinnu við mörg verkefni. Stærsta einstaka verkefnið var við endurskoðun evrópsku þolhönnunarstaðlanna og gerð þjóðarviðauka við þá. Ritari Byggingarstaðlaráðs hefur veg og vanda af skipulagningu verkefnisins. Í því felst þátttaka í fundum CEN/TC 250 til að hafa yfirlit yfir efnistöð og framvindu á breytingu staðlanna, koma sjónarmiðum íslenskra hagsmuna á framværi þegar við á og deila upplýsingum til íslensku vinnuhópanna. CEN/TC 250 hefur yfirumsjón með endurskoðun allra 58 staðlanna og gerð 29 til viðbótar. Ritari tekur einnig þátt í samræmingu og samhæfingu norrænna þjóðarviðauka eins og við á til að fylgja eftir markmiði norrænu ráðherranefndarinnar um að gera Norðulöndin sjálfbærasta, samþættasta og grænasta svæði í heiminum. Ritari verkstýrir og skipuleggur vinnu á þriðja tug sérfræðinga í fimm innlendum vinnuhópum sem vinna að gerð þjóðarviðauka við alla þolhönnunarstaðlana. Þegar endurskoðun allra staðla og gerð allra þjóðarviðauka verður lokið sér ritari til þess að allt heildarsettið verði gefið út hér á landi og sem grundvöllur þolhönnunar mannvirkja á Íslandi, sem vísað er til í byggingarreglugerð, hér eftir sem hingað til. Um er að ræða ca 9.000 blaðsíður.

Það hefur skotið skökku við að í þau fimm ár sem verkefnið hefur staðið hefur fjármögnun verkefnastjórnar verið í uppnámi þar sem skilningur og áhugi á verkefninu hefur ekki verið til staðar innan stjórnsýslunnar. Á sama tíma lögðu sérfræðingar, sem flestir vinna á kostnað einkarekinna vinnuveitenda sinna fram vinnu og þekkingu sem nemur um 85% af heildarkostnaði við verkefnið. Byggingarstaðlaráð hefur kostað langstærstan hluta vinnu ritara síns þó íslenska ríkið sé stærsti hagaðilinn að verkefninu þar sem ábyrgð á löggjöfinni er á þess herðum en vísað er til staðlanna og íslensku þjóðarviðaukanna með bindandi hætti í byggingarreglugerð.

Endurskoðun á ÍST 30 Almennum samnings- og útboðs-skilmálum um verkframkvæmdir hefur einnig staðið yfir en 10 sérfræðingar úr atvinnulífinu og stjórnsýslunni koma að því verkefni.

Undirbúningur að stofnun spegilnefndar til að fylgjast með stöðun á steinsteypu hefur staðið yfir í samvinnu við Steinsteypufélagið en þar er um umfangsmikið svið að ræða sem varðar íslenska hagsmuni.

ÍST 52 Skráning á fjölda herbergja í húsum og ÍST 53 Skráning hæða og hæðar á byggingum voru báðir gefnir út í árslok 2023.

Norrænt samstarf undir merkjum INSTA hefur staðið yfir en

þar er unnið að gerð staðals um endursmíði og/eða uppgerð á lyftum en 2023 kom út staðall sem varðar öryggi þeirra sem vinna við lyftur.

Byggingarstaðlaráð stóð fyrir fjórum fræðsluerindum í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands sem öllum var streymt og upptökur af fundunum má finna á vef Staðlaráðs og VFÍ. Erindin fjölluðu um uppbyggingu Kadeco á Keflavíkurflugvelli, starfsemi Carbfíx, yfirstandandi breytingar á Byggingarreglugerð og samræmda aðferð við gerð kostnaðaráætlana fyrir byggingar og almennar framkvæmdir.

FIF

Fagstaðlaráð í fiskimálum samanstendur af sex hagaðilum; Ábyrgum fiskveiðum ses, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Matvælaráðuneytinu, Þorbirni hf, Sæplasti Iceland og Samtökum Þörungafélaga. Hlutverk ráðsins er að gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi sem fram fer á alþjóðlegum vettvangi.

Starf FIF á árinu var með hefðbundnu sniði, þ.e. þátttaka í störfum tækninefndar ISO/TC 234. Ráðið tók afstöðu í nokkrum málum nefndarinnar sem komu til atkvæðagreiðslu. Einn staðall er nú í vinnslu á vegum nefndarinnar, flokkunarstaðall um stórbörunga, ISO/DIS 20423 Carbon footprint for seafood – Product category rules (CFR-PCR) for macroalgae.

Nefndin hefur gefið út 12 staðla. Sá nýjasti kom út í upphafi árs 2024 ISO 17273:2024 Waste Management and reduction from aquaculture facilities in natural water bodies – Principles and Guidelines.

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn í Kína.

FUM

Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum (FUM) varð til í október 2023 þegar stofnfundur þess var haldinn í húsakynnum Verkfræðingafélags Íslands. Á fundinum var fyrsta stjórn FUM kosin og er formaður þess Guðmundur Sigbergsson (Carbon Registry). Aðrir sem skipa stjórn FUM eru Guðný Nielsen (SoGreen), Íris Ólafsdóttir (Orb), Anna Ingvarsdóttir (Verkís) og Ívar Kristinn Jasonarson (Landsvirkjun). Ritari FUM er svo Haukur Logi Jóhannsson, verkefnastjóri hjá Staðlaráði.

Stofnaðilar að FUM eru Carbfíx, Landsvirkjun, Verkís, Efla, International Carbon Registry, SoGreen, Orb, Kolefnisbrúin, Deloitte og Íslandsbanki.

Innlend verkefni FUM á sínum fyrstu mánuðum hafa verið nokkur og má þá helst nefna að vinna hófst við endurskoðun á tækniforskrift um kolefnisjöfnun ásamt því að haldin var vinnustofa um gæði skógræktar á Íslandi í samstarfi við Land og Skóg. Þátttaka í alþjóðlegu starfi er einnig þó nokkur hjá FUM og má þá nefna þátttöku nokkurra fulltrúa Carbfíx í evrópskri staðlagerð á vegum CEN og CENELEC á sviði kolefnisföngunar og förgunar. Þá tekur ritari FUM þátt í ýmsum verkefnum á vegum ISO eins og ISO National Climate Champions Network.

FUT

Frá síðasta aðalfundi á árinu 2023 hefur stjórn FUT haldið 3 fundi og einn haustfund.

Aðilar FUT eru 28 talsins, fækkaði um tvo þegar Reiknistofnun HÍ og Neytendastofa sögðu sig úr ráðinu.

Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnsýslu koma að verkefnum FUT. Þátttakendurnir leggja mikinn metnað í að ná sammæli um bestu aðferðir hverju sinni. Á vegum FUT störfuðu á tímabilinu 5 tækninefndir að 20 verkefnum



þar af 8 sem eru í vinnslu 3 sem eru í undirbúningi og 3 á hugmyndastigi. Lokið var við 6 verkefni.

TN-GRV, tækninefnd um grunngerð rafrænna viðskipta hefur unnið að viðhaldi á þeim skeytum sem nefndin hefur gefið út og innan nefndarinnar starfar skugganefnd fyrir CEN TC 434 og CEN TC 440.

TN-FMB, tækninefnd um fjármálaþjónustu, hefur unnið að viðhaldi á IOBWS 3.0 íslenska sambankastaðalsins.

TN-TPJ, tækninefnd um traustþjónustu. Á vegum hennar starfar vinnuhópur sem fylgir eftir innleiðingu eIDAS2 á Íslandi.

TN-UPV, upplýsingaöryggi og persónuvernd – lauk við þýðingu á stöðlunum ÍST ISO/IEC 27001 og ÍST EN ISO/IEC 27002. Þá vinnur VH13 að undirbúningi vinnustofu um gervigreind og persónuvernd. Einnig er að störfum vinnuhópur við að greina þörf á viðbrögðum á Íslandi vegna vottunarskema netöryggis sem unnið er að á vettvangi Evrópusambandsins. Þá starfa einnig þrír vinnuhópar sem skugganefndir ISO/IEC JTC1 SC27, CEN-CENELEC JTC 13 og ISO PC 317.

TN-IoT, tækninefnd um hlutanet lauk við að skrifa samantekt eftir að hafa staðið fyrir norrænni vefráðstefnu fyrir öryggismál hlutanetsins/IoT á neytendamarkaði. Skrifaðar voru tvær greinagerðir um netöryggismál í hlutanetum. Í athugun er að vinna fleiri verkefni á sviðinu í samstarfi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Vinnuhópur FUT-VH1 Trustworthiness/Traustverðugleiki - Stjórn stofnaði vinnuhóp sem fylgist með stöðlun á sviðinu og stefnir að því að skapa ramma um umfjöllun á Íslandi. Hópurinn skilaði minnisblaði með samantekt og hefur verið slitið.

Erlent starf var hefðbundið á árinu, skugganefndir fylgjast með störfum nokkurra nefnda og ritarinn fylgist með störfum ISO IEC JTC1 með þátttöku á s.k. Plenary fundum.

RST

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Rafstaðlaráðs haldið 10 bókaða fundi.

Aðilar að ráðinu eru 29 talsins og fækkaði um einn þegar Raftákn hætti þátttöku.

Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnsýslu komu að verkefnum Rafstaðlaráðs. Þátttakendur leggja mikinn metnað í að ná sammæli um bestu aðferðir hverju sinni.

Tækninefnd um raflagnir bygginga yfirfer nú tillögur að breytingu á staðli um raflagnir (ÍST HD 60364 staðlaröðina). Nefndin afgreiðir árlega nokkur erindi um breytingar á stöðlum. Jóhann Ólafsson hjá HMS hefur tekið þátt í starfi alþjóðlegu nefndarinnar TC 64 á vettvangi IEC.

Tækninefnd um endurskoðun ÍST 150 Raflagnir fyrir íbúðarhúsnæði - Gerð, staðsetning, lagnaleiðir og fjöldi tengistaða. Nefndin hélt fjölmennan kynningarfund í janúar 2023 um innihald staðalsins.

Stýrihópur um samstarf við Rafmennt hefur staðið að samningum um rafræna dreifingu ÍST HB 200 til iðnnema og kennara og vinnur að greiningu á verkefni við þýðingu hins s.k. töflustaðals ÍST EN 61439.

Stýrihópur um útgáfu ÍST HB 200 Rafmagnsöryggispakkans hefur fylgt eftir útgáfu hinnar viðamiklu handbókar sem inniheldur þýðingar á stöðlum úr staðlaröðinni ÍST HD 60364 og undirbýr nú 2024 útgáfuna. Nokkrir kaflar breytast í handbókinni á milli ára. Sala á áskriftum í gegnum samninga við SART og Rafmennt hefur gengið vel og fjármögnun fyrir 2024 útgáfuna mun ganga upp.

Vinnuhópur fyrir orðalista ÍST HB 200. Fjórir aðilar hafa starfað í hópnum og góður gangur er í vinnunni.

Tækninefnd um innviði og tengistaði rafbíla er í biðstöðu. Tækninefnd um ÍST 151 Fjarskiptalagnir og tækninefnd NTC 11 Háspennulínunefndin eru báðar í dvala, sem og Vinnustofa um landtengingar skipa.

Norek er samstarfsvettvangur rafstaðlaráða Norðurlandanna. Með samstarfinu er búinn til góður jarðvegur til að kynnast tókum annarra Norðurlanda á stöðlunarverkefnum með það fyrir augum að taka þau upp hér, séu til þess aðstæður. Norek hefur staðið fyrir vinnustofu meðal yngri sérfræðinga til að efla staðlavitund og staðlaþekkingu meðal ungs fagfólks.



Evrópustöðlun

Sem fyrr er þjónusta við opinbera stjórnsýslu veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs enda gegnir Staðlaráð því hlutverki að vera íslenski snertiflöturinn við evrópska og alþjóðlega gæðainnviði á Íslandi. Verkefnin snúast um kröfur sem tengjast aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC. Helstu verkefni hljóta þannig af kerfi sem íslenska ríkið kom á með EES samningnum þannig að Ísland yrði fullgildur meðlimur á samræmdum innri markaði ESB og að almenningur á Íslandi nýti þess öryggis og heilsuverndar sem felst í notkun staðla sem hluta af regluverkinu. Regluverkið leiðir einnig af sér neytendavernd, umhverfisvernd, gæði, virkni o.fl. Staðlar eru þannig órjúfanlegur hluti af gæðainnviðum velferðarsamfélaga. Vegna þess er mikilvægt að innan opinberrar stjórnsýslu sé góð þekking á hlutverki, virkni og virði staðla sem hluta af gæðainnviðum hvernar þjóðar en einnig til að tryggja innleiðingu og virkni þess sem

virðilega skiptir okkur máli en þá er bæði átt við almenning og atvinnulífið. Heildarfjöldi evrópskra staðla sem staðfestir hafa verið sem íslenskir voru í árslok 2023 tæplega 30.000.

Eins og fram kemur í ávarpi framkvæmdastjóra féll dómur í Evrópudómstólnum snemma á árinu 2024. Samhæfðir staðlar eru rúmlega 12% af evrópskum stöðlum eða 3.700 talsins. Áform ESB um notkun staðla sem hluta löggjafar hafa aukist á undanförunum árum enda er notkun þeirra frábær leið til að þétta löggjöf og tryggja að bestu leiðir séu alltaf notaðar til útfærslu því staðlar eru alltaf samansafn bestu framkvæmda, nýjustu rannsókna og þekkingar og sammæli þeirra sem best til þekkja.

Þá er Staðlaráð einnig aðili að evrópsku fjarskiptastaðla-samtökunum ETSI sem skrifa staðla sem reglusetja og útfæra kröfur um virkni og öryggi fjarskipta í Evrópu.





Alþjóðleg stöðlun

Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (e. International Organization for Standardization) felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum en í mörgum tilvikum eru þeir teknir upp í Evrópu (og þar með á Íslandi líka) skv. samstarfssamningi þar um.

ISO staðlar eru hins vegar hryggjarstykki í rekstri margra íslenskra fyrirtækja, bæði þeirra sem framleiða vörur sem markaðssettar eru á alþjóðlegum mörkuðum og mörg fyrirtæki og stofnanir nota þá til að auka árangur sinn og hagkvæmni í rekstri.

Fagstaðlaráð í fiskimálum, FIF, tekur virkan þátt í tækninefnd ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Nokkrir af aðilum Staðlaráðs eru einnig virkir í störfum tækninefnda ISO, á sínu sviði, til að gæta íslenskra hagsmuna og hagsmuna sinnar atvinnugreinar.

Aðildarlönd ISO voru 169 talsins í lok ársins. Á vegum samtakanna störfuðu tæplega fjögur þúsund tækninefndir með fjölmörgum undirnefndum og vinnuhópum. Fjöldi ISO-staðla og stöðlunarskjala er nú 25.000 á tæplega einni komma þremur milljónum blaðsíðna. 1.465 nýir ISO staðlar voru gefnir út á árinu og 1.879 ný verkefni voru ræst. Tæplega 8.000 fundir voru haldnir á árinu, þ.a. voru um 90% þeirra ýmist fjar- eða blandfundir.

Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (e. International Electrotechnical Commission) Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru fjölmargir IEC staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum. Aðildarlönd IEC eru 89 talsins. Árið 2023 störfuðu 216 tækninefndir og undirnefndir á vegum IEC auk rúmlega 1600 vinnuhópa af ýmsu tagi. Heildarfjöldi útgefna IEC staðla og annarra stöðlunarskjala var 11.746 í árslok, þar af voru 522 gefin út á árinu 2023. 1.756 verkefni voru í vinnslu um áramót.



Norrænt samstarf INSTA og NOREK

Staðlasamtök Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf sem felst að mestu í gagnkvæmri upplýsingagjöf, samræmingu á framþróun í staðlastarfi og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til. Norðurlöndin hafa þannig m.a. haft með sér samstarf um að ráðast í gerð rannsóknar á virði staðla þegar horft er til framleiðslu-aukningar og útflutnings. Niðurstöður þeirra benda til þess að stöðlun á Íslandi sé milljarða virði á hverju ári vegna þess

að notkun þeirra leiðir af sér aukna framleiðni og tryggir aðgengi að erlendum mörkuðum. Jákvæð samfélagsáhrif eru þá ótalin. Framkvæmdastjórar þessara staðlasamtaka og eftir atvikum aðrir starfsmenn, funda 12-14 sinnum á ári, oftast rafrænt en einnig í tengslum við aðra viðburði, svo sem aðalfundi CEN, CENELEC, ISO og IEC. Íslendingar hafa oftast ekki notið góðs af samstarfinu þar sem ýmsar lausnir sem unnar hafa verið hjá nágrönnum okkar hafa nýst sem fyrirmyndir hérlandis.

Staðlaráð Íslands

Ársreikningur

31.12.2023

Staðlaráð Íslands
591193-2019
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogi

Staðlaráð Íslands

Ársreikningur

31.12.2023

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-10

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023 í samræmi við lög um ársreikninga og ríkjandi reikningsskilareglur.

Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Staðlaráði Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn félagsins og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og í kjölfarið gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðun framkvæmum við eftirfarandi:

- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnun og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 16. apríl 2024

Endurskoðun Skattur & Bókhald ehf.

Egill Helgason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36 2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum fyrir árið 2022 allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Afkoma ráðsins á árinu 2023 var jákvæð sem nemur kr. 20,8 milljónum, samanborið við kr. 0,3 milljóna jákvæða afkomu árið áður. Í árslok námu heildareignir félagsins kr. 101,8 milljón og eigið fé kr. 81,1 milljón. Hvað aðrar breytingar á eigin fé varðar, vísast í ársreikning ráðsins.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 7 starfsmenn hjá Staðlaráði og námu launagreiðslur kr. 80,3 milljónum.

Staðlaráð hefur haft þjónustusamning við Menningar- og viðskiptaráðuneytið og gildir nýr samningur fyrir tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Stjórn og framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 16. apríl 2024

Í stjórn

Sigurður Másson

Aldís Ingimarsdóttir

Gyða Björg Sigurðardóttir

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Egill Viðarsson

Emil Sigursveinsson

Guðmundur Sigbergsson

Kristján Þórarinnsson

Þór Jes Þórisson

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Tekjur	4		
Framlög á fjárlögum.....		100.000.004	70.000.000
Önnur framlög.....		23.377.854	34.473.802
Aðildargjöld.....		20.855.000	18.854.000
Sölutekjur.....		31.115.118	27.975.113
Tekjur samtals		<u>175.347.976</u>	<u>151.302.915</u>
Rekstrarkostnaður			
Efni og aðkeypt vinna.....		19.879.711	19.290.187
Laun og launatengd gjöld.....	5	101.765.407	98.871.821
Annar rekstrarkostnaður.....		32.336.044	32.497.222
Afskriftir.....	8	2.495.213	988.039
Rekstrarkostnaður samtals		<u>156.476.375</u>	<u>151.647.269</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		18.871.601	-344.354
Vaxtatekjur.....		2.807.402	859.703
Vaxtagjöld.....		-831.480	-243.083
Gengismunur.....		-2.014	10.440
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) samtals		<u>1.973.908</u>	<u>627.060</u>
Afkoma ársins.....		<u><u>20.845.509</u></u>	<u><u>282.706</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	8	10.421.014	846.891
Fastafjármunir samtals		<u>10.421.014</u>	<u>846.891</u>
Veltufjármunir			
Fyrirframgreiðslur.....		1.246.781	283.102
Viðskiptakröfur.....	9	7.397.083	10.975.160
Aðrar skammtímakröfur.....		0	212.101
Handbært fé.....	11	82.711.792	66.366.188
Veltufjármunir samtals		<u>91.355.656</u>	<u>77.836.551</u>
Eignir samtals		<u><u>101.776.670</u></u>	<u><u>78.683.442</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	12		
Varasjóður.....		15.000.000	10.414.972
Óráðstafað eigið fé.....		66.087.249	49.826.768
Eigið fé samtals		<u>81.087.249</u>	<u>60.241.740</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir.....		1.636.187	1.586.010
Aðrar skammtímaskuldir.....		19.053.234	16.855.692
Skuldir samtals		<u>20.689.421</u>	<u>18.441.702</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>101.776.670</u></u>	<u><u>78.683.442</u></u>

Skýringar

1. Staðlaráð Íslands

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36/2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Innan Staðlaráðs Íslands starfa eftirfarandi fagstaðlaráð:

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni
Fagstaðlaráð í fiskimálum
Byggingastaðlaráð
Rafstaðlaráð

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningskilareglur, þ.e. við afhendingu vöru og þjónustu.

Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árshlutareikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

3. Afkoma rekstrareininga

Afkoma rekstrareininga á árinu 2023 og eignir, eigið fé og skuldir í árslok greinast með eftirfarandi hætti:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Staðlaráð Íslands	Samtals
Tekjur.....	8.264.213	4.598.150	10.514.194	854.250	151.117.169	175.347.976
Þjónusta Staðlaráðs Íslands....	-7.860.000	-9.613.000	-8.564.000	-302.000	26.339.000	0
Annar kostnaður.....	-2.137.034	-186.899	-3.092.529		-151.059.913	-156.476.375
Fjármagnstekjur.....	879.788	280.120	454.628	363.607	829.259	2.807.402
Fjármagnsgjöld.....	-193.553	-61.626	-100.018	0	-478.297	-833.494
Afkoma ársins.....	-1.046.586	-4.983.255	-787.725	915.857	26.747.218	20.845.509
Eignir 31.12.2023.....	13.023.314	9.880.670	16.315.459	8.225.616	54.331.611	101.776.670
Eigið fé 31.12.2023.....	13.023.314	9.880.670	16.315.459	8.225.616	33.642.190	81.087.249
Skuldir 31.12.2023.....	0	0	0	0	20.689.421	20.689.421

Skýringar

4. Tekjur

Staðlaráð hefur gert þjónustusamning við Menningar- og viðskiptaráðuneyti um framlag til starfseminnar, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Þá tekur samningurinn einnig til greiðslu árlegra aðildargjalda ráðsins að erlendum staðlasamtökum. Gildistími núverandi samnings er frá 1. janúar til 31. desember 2024.

Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2023	2022
Framlög á fjárlögum		
Framlög á fjárlögum, skv. þjónustusamningi.....	100.000.004	70.000.000
Önnur framlög		
Framlög MVF vegna erlendrar aðildar, skv. þjónustusamningi.....	13.362.854	11.643.302
Framlög hagsmunaaðila fyrir stöðlunarstörf.....	9.115.000	21.930.500
Framlög Póst og Fjarskiptastofnunar.....	900.000	900.000
	<u>23.377.854</u>	<u>34.473.802</u>
Aðildargjöld		
Aðildargjöld.....	20.855.000	18.854.000
	<u>20.855.000</u>	<u>18.854.000</u>
Sölutekjur		
Seldir staðlar.....	22.499.209	24.135.435
Rafmagnsöryggispakkinn.....	4.273.678	3.839.678
Aðrar sölutekjur.....	4.342.231	0
	<u>31.115.118</u>	<u>27.975.113</u>
	<u><u>175.347.976</u></u>	<u><u>151.302.915</u></u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast með eftirfarandi hætti:

	2023	2022
Laun	80.343.088	78.082.058
Lífeyrissjóður.....	10.076.177	9.708.209
Annar launatengdur kostnaður.....	7.279.989	6.986.037
Annar starfsmannakostnaður.....	4.066.153	4.095.517
	<u>101.765.407</u>	<u>98.871.821</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	6,5	6,5

Skýringar

6. Leigusamningar

Félagið hafði leigusamning um húsnæði í Þórunnartúni, sem rann út í maí 2023. Nýr leigusamningur var gerður frá mars 2023 um hentugra húsnæði undir starfsemi ráðsins í Urðarhvarfi í Kópavogi. Leigusamningar ráðsins teljast rekstrarleigusamningar og því hvorki færður upp eignarréttur eða skuldbinding þeim fylgjandi í efnahagsreikning. Gjaldfærðar leigugreiðslur, meðal annars rekstrarkostnaðar, á árinu 2022 námu kr. 15,1 milljónum samanborið við kr. 16 milljónir á árinu 2022.

Leigugreiðslur í samræmi við skuldbindandi samninga dreifast með eftirfarandi hætti í árslok á komandi ár:

	31.12.2023	31.12.2022
Samningsbundnar leigugreiðslur 2024/2023.....	11.278.008	12.615.216
Samningsbundnar leigugreiðslur 2025/2024.....	11.278.008	8.429.040
Samningsbundnar leigugreiðslur 2026/2025.....	11.278.008	8.429.040
Samningsbundnar leigugreiðslur 2027/2026.....	11.278.008	8.429.040
Samningsbundnar leigugreiðslur 2028/2027.....	11.278.008	8.429.040
	<u>56.390.040</u>	<u>46.331.376</u>

7. Tekjuskattur

Í samræmi við 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt greiðir Staðlaráð Íslands ekki tekjuskatt.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast með eftirfarandi hætti:

	Áhöld, tæki og innréttingar
Varanlegir rekstrarfjármunir 1.1.2022	
Stofnverð	2.822.969
Uppsafnaðar afskriftir	-988.039
	<u>1.834.930</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2022	
Afskriftir ársins.....	-988.039
	<u>-988.039</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2022	
Stofnverð.....	2.822.969
Uppsafnaðar afskriftir.....	-1.976.078
	<u>846.891</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2023	
Keypt á árinu	12.658.048
Selt á árinu.....	-588.712
Afskriftir ársins.....	-2.495.213
	<u>9.574.123</u>
Varanlegir rekstarfjármunir 31.12.2023	
Stofnverð	14.087.617
Uppsafnaðar afskriftir	-3.666.602
	<u>10.421.015</u>
Afskriftarhlutföll.....	20-35%

Skýringar

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

12. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungi hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2022.....	15.000.000	44.959.034	59.959.034
Afkoma ársins 2022.....	0	282.706	282.706
Ráðstöfun úr varasjóði.....	-4.585.028	4.585.028	0
Eigið fé 31.12.2022.....	10.414.972	49.826.768	60.241.740
Afkoma ársins 2023.....	0	20.845.509	20.845.509
Tillag í varasjóð.....	4.585.028	-4.585.028	0
Eigið fé 31.12.2023.....	15.000.000	66.087.249	81.087.249

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2023.....	14.069.900	7.309.759	10.863.925	17.583.184	0	49.826.768
Afkoma ársins 2023.....	-1.046.586	915.857	-4.983.255	-787.725	26.747.218	20.845.509
Tillag í varasjóð.....	0	0	0	0	-4.585.028	-4.585.028
Óráðst. eigið fé 31.12. 2023...	13.023.314	8.225.616	5.880.670	16.795.459	22.162.190	66.087.249

13. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir 2023

	2023	2022
Efni og aðkeypt vinna		
Aðkeypt þjónusta vegna staðlagerðar.....	4.933.207	5.716.413
Aðildargjöld að fagfélögum.....	13.609.688	11.896.736
Keyptir erlendis staðlar.....	1.336.816	1.677.038
	<u>19.879.711</u>	<u>19.290.187</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	80.343.088	78.082.058
Lífeyrissjóður.....	10.076.177	9.708.209
Tryggingagjald.....	5.838.355	5.674.786
Reiknað orlof.....	1.441.634	1.311.251
Félagsgjöld.....	1.935.253	1.856.950
Bifreiðastyrkir.....	1.688.472	1.576.440
Menntun og námskeið.....	0	171.000
Tryggingar starfsfólks.....	146.292	133.825
Annars starfsmannakostnaður.....	296.136	357.302
	<u>101.765.407</u>	<u>98.871.821</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	15.058.279	15.994.160
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	2.596.576	3.546.288
Rekstur tölvubúnaðar og símkerfa.....	4.898.476	5.156.189
Gjaldfærð áhöld, tæki og innréttingar.....	267.144	274.241
Bækur, pappír, prentun og ritföng.....	73.502	56.225
Ýmis bankakostnaður.....	367.884	419.428
Endurskoðun og reikningsskil.....	0	452.725
Rekstur heimasíðu og vefverslunar.....	2.222.652	1.951.102
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	460	211.575
Vátryggingar.....	237.849	222.432
Auglýsingar.....	554.477	387.379
Gjafir.....	424.440	504.135
Ferðakostnaður.....	2.121.667	1.477.581
Ráðstefnur.....	189.977	58.900
Dagpeningar.....	1.387.105	830.749
Aðkeyptur akstur.....	91.976	8.768
Rekstur kaffistofu.....	243.422	321.565
Aðrar kaffiveitingar.....	1.189.168	576.883
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	343.723	46.897
	<u>32.336.044</u>	<u>32.497.222</u>

Staðlaráð Íslands
Ársreikningur 31.12.2023



Íslenskir staðlar